



VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Ákvörðun nr. 2/2019

Dags. 18. mars 2019

Álagning dagsekta á Fjarðarbyggð vegna vanrækslu á að fara eftir fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins

I.

Málavextir

Í takmarkaðri skoðun eftirlitsmanns Vinnueftirlits ríkisins í þjónustuíbúðir að Bakkabakka í Neskaupsstað, sem reknar er af Fjarðabyggð, kt. 470698-2099, þann 11. desember 2017, voru veitt eftirfarandi fyrirmæli í eftirlitsskýrslu B 107593:

- Að gera skyldi skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað.
- Að kaffi- og matstofa starfsmanna skuli vera í sérstöku rými og í matstofu skuli gera ráð fyrir ákveðnum lágmarksbúnaði.

Voru fyrirmælin gefin á grundvelli 21. og 26. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, sbr. 65. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, og 31. og 35. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Í framangreindri ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins kom fram að sveitarfélagið skyldi tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um það þegar úrbótum væri lokið.

Sveitarfélaginu var veittur aukinn frestur til að framkvæma fullnægjandi úrbætur og tilkynna Vinnueftirliti ríkisins með bréfi dags. 28. desember 2017 til 15. febrúar 2018. Fyrirmælin voru þá ítrekuð með bréfum Vinnueftirlits ríkisins til Fjarðabyggðar, dags. 11. maí 2018 og 27. júní 2018. Þrátt fyrir aukna fresti og þessar ítrekanir þá var ekki farið eftir þessum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.

Með bréfi, dags. 22. janúar 2019, var athygli vakin á rétti aðila skv. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 að tjá sig um efni máls áður en frekari ákvarðanir yrðu teknar af hálfu Vinnueftirlits ríkisins. Kom fram í bréfinu að Vinnueftirlit ríkisins hygðist leggja dagsektir á Fjarðabyggð þar

sem það hafði ekki farið að ofangreindum fyrirmælum stofnunarinnar. Fjarðabyggð var veitt 14 daga frestur til að koma að andmælum áður en Vinnueftirlit ríkisins tæki ákvörðun um hvort leggja skyldi á sveitarfélagið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Vinnueftirliti ríkisins hefur ekki borist tilkynning um úrbætur frá sveitarfélaginu.

II. Niðurstaða

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, er það tilgangur laganna að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Samkvæmt 75. gr. laganna, er það hlutverk Vinnueftirlits ríkisins að hafa eftirlit með lögnum. Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eru mörg almenn efnisákvæði er kveða á um hvernig vinnuumhverfi starfsmanna skuli háttað og í reglum og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra eru ákvæði laganna nánar útfærð.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 46/1980 er það skylda atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Samkvæmt 37., 42. og 46. gr. laganna skal fylgja fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Ákvæði 10. mgr. 82. gr. laga nr. 46/1980 kveður á um það að beini Vinnueftirlit ríkisins skriflegum fyrirmælum til atvinnurekanda um úrbætur á vinnustað ber viðkomandi atvinnurekanda eða fulltrúa hans að tilkynna stofnuninni formlega, svo sem bréflega eða rafrænt, þegar umræddum úrbótum er lokið á vinnustaðnum. Þar sem Fjarðabyggð hefur ekki farið að framangreindum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins þrátt fyrir ítrekuð fyrirmæli stofnunarinnar og sveitarfélaginu veittur aukinn frestur þá hefur stofnunin tekið þá ákvörðun að leggja á Fjarðabyggð dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980, þangað til sveitarfélagið uppfyllir lagaskyldur sínar, en sú grein kveður á um það, að séu ákvæði laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, eða reglna sem settar eru með stoð í þeim brotin og ekki er farið eftir ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þeirra þá getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði dagsektir þar til farið verður að henni.

Samkvæmt gögnum Vinnueftirlits ríkisins þá starfa 11 starfsmenn hjá Fjarðarbyggð í þjónustuíbúðum að Bakkabakka.

III. Ákvörðunarorð

„Fjarðabyggð, kt. 470698-2099, hefur brotið gegn 21. og 26. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, sbr. 65. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum og 31. gr. og 35. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða.

Af þeim sökum og með heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, leggur Vinnueftirlit ríkisins dagsektir á Fjarðabyggð. Skal Fjarðabyggð greiða kr. 50.000 á dag frá og með næsta degi eftir að sveitarfélaginu var tilkynnt sannanlega um þessara ákvörðun og þar til það hefur tilkynnt um úrbætur til Vinnueftirlits ríkisins í samræmi við ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins frá 11. desember 2017.”

Virðingarfyllst,
f.h. Vinnueftirlit ríkisins